

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir Minningarsjóð um Birgi Einarsson apótekara, nr. 284/1995.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum og skulu tveir þeirra vera afkomendur Birgis Einarssonar. Aðrir stjórnarmenn skulu vera úr hópi píanóleikara, einleikara eða kennara í píanóleik.

Annar afkomanda Birgis Einarssonar skal vera formaður sjóðstjórnar. Báðir bera þeir þó sameiginlega ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins. Að öðru leyti skipta stjórnarmenn með sér verkum.

Afkomendur Birgis Einarssonar í stjórn minningarsjóðsins tilnefna í sameiningu eftirmenn sína eftir því sem við verður komið. Um eftirmenn annarra stjórnarmanna skal nást einhugur í stjórninni.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Birgi Einarsson apótekara staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 25. ágúst 2023,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.